

Ed. 376. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 102 31. des. 1972, um skipulag á löndun á loðnu til bræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

1. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, er verði 3. gr., svo hljóðandi, enda breytist töluröð annarra greina í samræmi við það:

Á loðnuvertíð 1973 skal stofna loðnuflutningasjóð og skal loðnulöndunarnefnd, sbr. 2. gr., hafa stjórn hans með höndum. Kaupendur loðnu skulu greiða í loðnuflutningasjóð 15 aura á hvert kg landaðrarr loðnu til bræðslu til viðbótar því lágmarksverði, er Verðlagsráð sjávarútvegsins hefur ákveðið fyrir loðnuvertíð 1973. Loðnulöndunarnefnd skal hafa á hendi innheimtu þessa gjalds og reikningshald sjóðsins.

Greiða skal úr loðnuflutningasjóði styrki til flutninga á loðnu samkvæmt reglum, er loðnulöndunarnefnd setur. Skal nefndin annast greiðslu flutningastyrkja.

Reynist inneign vera fyrir hendi í loðnuflutningasjóði, að lokinni loðnuvertíð 1973, skal hún geymd á sérstökum reikningi til næsta árs. Skal inneigninni ráðstafað samkvæmt ákvörðun Verðlagsráðs sjávarútvegsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.